

Ed.

140. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jónas Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina kemur:

Á C-kafla sömu lagagr. eru gerðar þessar breytingar:

a. Tölul. 26 skal orða svo:

Fnjóskadalsvegur: Frá Grenivík um Dalsmynni yfir Fnjóskárbrú að Reykjum í Fnjóskadal.

b. Á eftir tölul. 27 kemur nýr liður:

Laxárdalsvegur: Frá Grenjaðarstað vestan Laxár að Helluvaði við Mývatn.

c. Tölul. 30 skal orða svo:

Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, skiptist þar, og liggur önnur álman um Skútustaði, en hin um Grímsstaði að Reykjahlíð og þaðan um Námaskarð og Mývatnsöræfi um væntanlega brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.